

Tölvunotkun  
barna og unglunga,  
verum samstíga,  
virðum aldurstakmörk!

# Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

mars 2012

Að beiðni foreldra fjöllum við í þetta sinn um tölvunotkun barna og unglunga.

SAFT - Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglunga á Íslandi.

Á [saft.is](http://saft.is) eru t.d. að finna upplýsingar um:

- Rafrænt einelti
- Leiðbeiningar um notkun Facebook
- Leiðbeiningar um Foreldraeftirlit í Windows 7

Á heimasíðunni [Commonsensemedia.org](http://Commonsensemedia.org) má finna ítarlegir upplýsingar um marga tölvu- og netleiki. Kannaðu tölvuleikurinn sem barnið þitt er að spila eða tala um hér.

Grein um tölvufíkn eftir Húgó Þórisson má lesa hér.

## SAFT - 10 netheilræði

SAFT gefur út netheilræði sem má lesa í heild sinni [hér](#).



1. Uppgötvið Netið saman



2. Gerðu samkomulag við barnið um netnotkun á heimilinu



3. Hvettu barnið til að vera gætið þegar það veitir persónulegar upplýsingar



4. Ræddu um þá áhættu sem fylgir því að hitta netvin



5. Kenndu barninu þínu að skoða efni á Netinu með gagnrýnum hætti



6. Haltu vöku þinni. Það er vel hugsanlegt að barnið rekist á efni á Netinu einungis ætlað fullorðnum



7. Komdu upplýsingum um það sem þú telur ólöglegt efni til réttra yfirvalda



8. Hvetjið til góðra netsiða



9. Kynntu þér netnotkun barnsins þíns





10. Mundu að jákvæðir þættir Netsins eru mun fleiri en hinir neikvæðu

Misstu ekki af  
þessu tækifæri.  
Taktu tímann  
frá 20. mars!

## Fyrirlestur um tölvunotkun barna!

Foreldrafélagið boðar til fræðslufyrirlesturs um **ógnanir og tækifæri Internetsins**, hjá börnum og unglingum. Fyrirlesturinn verður haldinn í Fjallasal þriðjudaginn **20. mars** kl. 20.00 til 21.15. Í fyrirlestrinum verður meðal annars farið yfir **blogg, msn, facebook, chatroulette, formspring**, hvaða **tölvuleiki** er óhætt að leyfa börnum að spila, **netvarnir** og margt fleira. Að auki er farið yfir hvað sé í lagi að setja á netið og hvað ekki auk ótal dæmisagna úr **Íslenskum og erlendum veruleika**. Fyrirlesari er Hafþór Birgisson, frá **SAFT** en hann hefur haldið fjölda fyrirlestra um þessi mál frá árinu 2004.

**PEGI** er aldursflokkunarkerfi sem notað er hérlendis til að tryggja að tölvuleikir, kvikmyndir, sjónvarpsmyndir o.fl. sé merkt eftir aldursflokki í samræmi við efni þeirra.



### Frá 4. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2011-2012

Fyrsta málefni sem tekið var fyrir var beiðni til foreldrafélagsins um **styrk til myndavélakaupa** frá Setrinu. Stefna Foreldrafélagsins er að vera í forsvari fyrir fræðslu og forvarnir og veita styrki í menningar og afþreyingarverkefni sem allir nemendur geta notið og var því ákveðið að hafna beiðni á þeirri forsendu.

Rætt var um **Lífshlaupið** en foreldrafélagið stóð fyrir skráningu Sunnulækjarskóla í því verkefni og gekk skráningin vel þrátt fyrir að það hafi mætt misjafnt á einstaklingum. 10. bekkingar stóðu sig vel í skráningu en foreldra var saknað og kannski kom ekki nægjanlega skýrt fram frá foreldrafélaginu að þeir voru velkomnir. Hugmynd kom upp um það hvort nemendur myndu ekki skrá sig sjálfir á næsta ári en það verður rætt betur þegar að því kemur.

Beiðni kom frá nemendum Sunnulækjarskóla um styrk til **gáðinukaupa í Fjallasal** sem nemendur ætla sjálfir að suma svo gera megi Fjallasal meira spennandi fyrir kvöldskemmtanir. Samþykkt var að veita 150.000 kr styrk í þetta verkefni.

Rædd var ábending sem kom frá foreldri um að ekki væri nægjanlega **breitt bókaaval í bókasafni skólans** og hvetur foreldrafélagið sveitarfélagið til að spara ekki um of í endumýjun bókakosti skólans.

Spurning kom frá foreldri hvort foreldrafélagið gæti komið eitthvað að **gæslu nemenda í frímínútum** einhver mál hafa komið upp þar sem gæslu er ábótavant. Ákveðið var að skoða málið.

Spurning kom til foreldrafélagsins hvort það gæti staðið fyrir fyrirlestri varðandi **netnotkun nemenda** á miðstigi. Ákveðið var í haust að foreldrafélagin í Sunnulækjar- og Vallaskóla stæðu sameiginlega að forvarnarfundum og var ákveðið að boða til fundar í mars.

Aðeins var komið inn á **foreldraröltið** og vill stjórn foreldrafélagsins minna foreldra á mikilvægi þess að standa saman og labba á sínu kvöldi. Með hækkandi sól eykst útivera unglinga og er búið að raða niður yfir sumarmánuðina líka.

Fulltrúi í **forvarnarhópi** Árborgar hefur boðað forsvarsfulltrúa í foreldrafélagunum á fund næstkomandi mánudag og umræðuefnið er almennar forvarnir. Anne og Linda ætla að mæta.

Ábending kom um hvort foreldrafélagið hugðist koma að **góðgerðardeginum** en þar sem hann er liðinn þetta árið skal það skoðast að ári.